

Ræða Páls Ásgeirs Pálssonar, formanns stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins á ársfundi 29. apríl 2010. Drög.

Ágætu sjóðfélagar.

Þrátt fyrir ágæta ávöxtun nokkurra ávöxtunarleiða olli afkoma ársins 2009 vonbrigðum. Sjö ávöxtunarleiðir skiluðu jákvæðri nafnávöxtun árið 2009 en ein var með neikvæða ávöxtun. Þrátt fyrir varfærið mat á eignum í árslok 2008 reyndist staðan vera verri en gert var ráð fyrir og þurfti sjóðurinn að færa niður innlend skuldabréf enn frekar með varúðarafskriftum. Þessar afskriftir höfðu mest áhrif á ávöxtunarleiðir sem fjárfesta mest í innlendum skuldabréfum.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins hefur markað þá stefnu að taka strax á vandamálum vegna efnahagshrunsins.

- Í því felst að sjóðurinn hefur markað þá vinnureglu að færa niður eignir strax og ástæða er til að ætla að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingu sína.
- Einnig hefur stjórnin ákveðið að leggja til að réttindi í samtryggingarsjóði verði aðlöguð strax að eignum samtryggingarsjóðsins. Margir aðrir sjóðir hafa ákveðið að dreifa áfallinu á lengri tíma.
- Í máli mínu ætla ég að yfirfara og skýra afstöðu stjórnar sjóðsins.

Í ársskýrslu sjóðsins sem liggur frammi er gerð grein fyrir rekstri og afkomu sjóðsins á síðasta ári auk þeirra aðgerða sem stjórnin hefur gripið til eftir efnahagshrunið. Skýrslan er mjög ítarleg og skýrir vel rekstrarumhverfi sjóðsins á síðasta ári. Ég hvet sjóðfélaga til að lesa hana en í erindi mínu ætla ég að fjalla sérstaklega um stefnu sjóðsins í kröfumálum og um endurskipulagningu í kjölfar efnahagshrunsins. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun á eftir mér gera grein fyrir rekstri sjóðsins og tryggingafræðilegri stöðu og síðan mun Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri, fara yfir ávöxtun síðasta árs og kynna fjárfestingarstefnu sjóðsins.

I.

Eitt og hálf ár er nú liðið frá því viðskiptabankarnir þrír féllu í október 2008. Þrír eignaflokkar fóru verst út úr efnahagshruninu: Innlend hlutabréf, skuldabréf banka og sparisjóða og skuldabréf fyrirtækja. Þessir eignaflokkar vógu samtals 28,7% af heildareignum lífeyrissjóða en 26% af eignum Almenna lífeyrissjóðsins. Innlendir hlutabréfamarkaður féll um 80% í október 2008 og skuldabréf fjármálastofnana og fyrirtækja hafa lækkað verulega í verði eða orðið verðlaus. Í ársskýrslu Almenna lífeyrissjóðsins kemur fram að sjóðurinn hefur afskrifað 68% af skuldabréfum banka og fyrirtækja frá október 2008. Við vonumst að sjálfsögðu eftir að eitthvað af varúðarafskriftum skili sér til baka en því miður hefur reynslan hingað til verið sú að afskriftir hafa ekki verið ofáttaðar í þeim málum sem er lokið.

Um áramótin voru 56% af eignum Almenna lífeyrissjóðsins í séreignarsjóði. Í séreignarsjóði geta sjóðfélagar flutt inneign sína milli ávöxtunarleidda og vörsluaðila. Þeir sem hafa náð 60 ára aldri geta tekið inneign sína út. Vegna þessa hreyfanleika verður sjóðurinn að færa niður eignir strax og ástæða er til að ætla að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingu sína. Það er gert til að tryggja að sjóðfélagar, sem velja að færa eign sína, skilji ekki þá sem eftir sitja með verðlítill eða verðlaus verðbréf. Sjóðfélagar hafa því val um að vera áfram í núverandi safni eða færa sig í annað safn en hvorug leiðin er áhættulaus.

- Sjóðfélagar geta t.d. flutt inneign sína í Innlánasafnið eða ríkisskuldabréf, og losnað þar við frekari áhættu af afskriftum af skuldabréfum fyrirtækja.
- Á hinn bóginn taka þeir áhættuna af því að missa af ábatanum ef endurheimtur verða meiri en afskriftir. Áhættan er því tvíhliða.

Þrátt fyrir þessa stefnu verður sjóðurinn að gæta þess að ganga ekki of langt til að ganga ekki á rétt þeirra sem eru að fá greiðslur eða flytja inneign sína. Þess vegna höfum við gætt þess að yfirfara afskriftahlutföll reglulega með endurskoðendum sjóðsins.

Sjóðfélagar í samtryggingarsjóðum geta ekki flutt réttindi sín og þess vegna geta slíkir sjóðir dreift áföllum á lengri tíma. Við teljum reyndar að flestir sjóðir hafi gengið langt í niðurfærslu eigna en vitum þó um nokkur fyrirtæki þar sem afskriftastuðull er hærri hjá Almenna lífeyrissjóðnum en hjá öðrum.

II.

Eftir að efnahagshrunið skall á höfum við ítrekað verið spurð af hverju sjóðurinn fjárfesti í skuldabréfum banka og fyrirtækja. Með hliðsjón af afdrifum þessa eignaflokks er þetta eðlileg spurning. Margir hafa líka gagnrýnt þessar fjárfestingar. Það er auðvelt að vera vitur eftir á en staðreyndin er sú að vegna reglna um að lífeyrissjóðir skuli fjárfesta 80% af eignum í skráðum verðbréfum, var 90% fyrir hrun, urðu sjóðirnir að fjárfesta í þessum bréfum. Fyrir hrun var takmarkað framboð af ríkisskuldabréfum og þess vegna þurftu sjóðirnir að líta til annarra skuldabréfaflokka. Möguleikar lífeyrissjóða til fjárfestinga voru takmarkaðir og þeir urðu að kaupa innlend verðbréf útgefin af bönkum og fyrirtækjum til að framfylgja lagskyldu. Auðvitað má gagnrýna og ræða um einstakar fjárfestingar sjóðanna en aðalatriðið er að fjárfestingarmengið var takmarkað. Gleymum því ekki heldur að sjóðirnir höfðu mjög góða reynslu að þessum skuldabréfum.

En hvað verður um skuldabréf sem eru færð niður eða afskrifuð og hvernig hefur sjóðurinn fylgt eftir innheimtu og kröfumálum? Afdrif fyrirtækjanna hafa verið mismunandi. Sum þeirra hafa óskað eftir gjaldþrotaskiptum og hefur sjóðurinn gert kröfu í þrotabú viðkomandi fyrirtækja. Önnur hafa lokið fjárhagslegri endurskipulagningu með nauðasamningum. Í slíkum tilvikum hefur sjóðurinn stundum þurft að samþykkja að breyta kröfu í formi markaðsskuldabréfs í hlutabréf.

- Í málum þar sem skuldum er breytt í hlutabréf eða kröfur afskrifaðar leggur sjóðurinn áherslu á að hlutabréf eigenda séu felld niður og nýir stjórnendur taki við rekstrinum.
- Í tveimur undantekningartilvikum hefur sjóðurinn þurft að víkja frá þessari kröfu vegna samningsstöðu.
- Í nauðasamningum leggur sjóðurinn einnig áherslu á að farið verði yfir reikninga síðustu missera og þeir skoðaðir með tilliti til hugsanlegra riftanlegra gerninga og ólögðra aðgerða.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkti á fundi 20. janúar sl. vinnureglur í kröfumálum. Almenni lífeyrissjóðurinn leggur megináherslu á endurheimtur krafna. Einnig að fyrirtækin og kröfuhafar fylgi lögum sem gilda við aðstæður sem þessar auk þess að gæta að sjónarmiðum um góða stjórnunarhætti og jafnræði meðal kröfuhafa. Helstu atriði vinnureglanna eru eftirfarandi.

1. Ákvarðanir eru teknar með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi og er markmiðið að hámarka endurheimtur krafna.
2. Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um að samþykka eða hafna nauðasamningum.
3. Almenni lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að nauðasamningar tryggi að nýir eigendur og stjórnendur sinni góðum viðskiptaháttum og samþykki m.a. að veita kröfuhöfum reglulega (a.m.k. tvisvar á ári) upplýsingar um fjárhagslega afkomu og efnahag.
4. Ef rökstuddur grunur leikur á að stjórnendur fyrirtækis hafi brotið lög og/eða ekki gætt jafnræðis meðal kröfuhafa mun Almenni lífeyrissjóðurinn (1) kanna réttarstöðu sína og skoða hvort sjóðurinn getur betur tryggt hagsmuni sjóðfélaga með lögfræðilegri innheimtu og skaðabótamálum eða (2) beita sér fyrir því að fyrirtæki fari í gjaldþrotaskipti þannig að skiptastjóri geti skoðað einstök mál og ákvarðanir stjórnenda fyrir þrot.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins hefur einnig brugðist við og breytt fjárfestingarstefnu sjóðsins með það að markmiði að auka öryggi eigna en einnig með því að fjölga ávöxtunarleiðum sem fjárfesta í innlánnum og ríkisskuldabréfum.

- Sjóðurinn hefur aukið vægi ríkisskuldabréfa í eldri eignasöfnum sjóðsins samhliða því að auka áhættudreifingu með því að lækka hámarksvægi á einstaka útgefendum.
- Sjóðurinn hefur einnig skilgreint viðmiðanir til hliðsjónar við val á verðbréfum sem eru útgefin af innlendum útgefendum öðrum en ríkinu. Tilgangurinn er að tryggja betur endurgreiðslu skuldabréfa. Í viðmiðunum eru ákvæði um fjárhagslegan styrkleika útgefanda og um skilmála sem sjóðurinn fer fram á að séu í skuldabréfum fyrirtækja og sveitarfélaga.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur einnig beitt sér á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða með því að beita sér fyrir stofnun starfshóps til að yfirfara fjárfestingar lífeyrissjóða fyrir hrun og læra af reynslunni. Hópurinn hefur þegar skilað af sér skýrslu og telur að lífeyrissjóðir eigi að gera strangari kröfur um skilmála skuldabréfa og til útgefenda verðbréfa, miðlara, kauphallar og eignastýringaraðila og gæta hagsmuna sinna með virkari og fjölbreyttari hætti hér eftir en hingað til. Hópurinn lagði einnig fram tillögur sem stjórn Landssamtakanna mun fylgja eftir.

Ný fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins og skýrsla lærdómsnefndar lífeyrissjóða er aðgengileg á heimasíðu okkar, almenni.is, og hvet ég sjóðfélaga til að kynna sér þessar skýrslur.

III.

Á þessum fundi leggur stjórn Almenna lífeyrissjóðsins til að réttindi í samtryggingarsjóði verði lækkuð hlutfallslega um 16,7%. Þessi tillaga er í samræmi við ákvörðun sjóðfélagafundar í október 2009 um að stefna að jafnvægi milli eigna og áunninna skuldbindinga eftir þennan ársfund. Þetta er meiri breyting en við reiknuðum með en við höfðum búist við að lækkunin yrði á bilinu 10% til 14%. Við hörmum þessar breytingu sem er óhjákvæmileg. Verði tillagan samþykkt verða áunnar skuldbindingar 7,4% umfram eignir en við skilgreinum jafnvægi ef áunnin staða er á bilinu -5% til 5% af skuldbindingum. Við verðum því aðeins fyrir utan jafnvægismörkin og er hugsanlegt að sjóðurinn þurfi að stíga eitt skref til viðbótar eftir ár til að komast í jafnvægi. Að öðru óbreyttu verður það skref mun minna en lagt er til á þessum fundi.

Undanfarnar vikur hafa margir aðrir sjóðir birt upplýsingar um afkomu sína og tilkynnt áform um breytingar á réttindum vegna eignarárnunar. Flestir sjóðir leggja til minni breytingar en stjórn Almenna lífeyrissjóðsins og er skýringin sú að sjóðir gefa sér mismunandi langan tíma til að aðlaga réttindi að minnkandi eignum. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins telur sanngjarnast að bregðast strax við áfallinu ekki síst þegar haft er í huga að sjóðurinn breytti samþykktum sínum á síðasta ári til að tryggja að hrúnið hefði jöfn áhrif á alla sjóðfélaga.

Lögum samkvæmt á að miða við heildarstöðu samtryggingarsjóða og skal breyta réttindum ef mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum er meiri en plús eða mínus 10%. Hlutfallið var hækkað tímabundið á árinu 2008 í 15%. Heildarstaða samtryggingarsjóðs Almenna er -11,1% og því þyrfti sjóðurinn strangt tiltekið ekki að breyta réttindum. Heildarstaða lífeyrissjóða tekur tillit til bæði áunninna réttinda, vegna þegar greiddra iðgjalda, og framtíðarréttinda, vegna réttinda sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér með framtíðariðgjöldum.

Áunnin staða, sem tekur tillit til núverandi eigna og skuldbindinga vegna þegar greiddra iðgjalda, er hins vegar neikvæð um 22,8%. Það þýðir með öðrum orðum að sjóðurinn á ekki fyrir skuldbindingum. Ef sjóðurinn fer eftir lögum og tekur mið af heildarstöðu verður sjóðurinn að nota framtíðariðgjöld til að greiða niður hallann. Nýir sjóðfélagar fá því ekki sanngjörn réttindi fyrir inngreiðslur vegna halla á áunninni stöðu. Það er ósanngjarnt og þess vegna er mikilvægt að koma áunninni stöðu í jafnvægi sem fyrst.

En af hverju miða lífeyrissjóðalögin við heildarstöðu? Núverandi lífeyrissjóðalög eru frá árinu 1997 eða frá þeim tíma sem lífeyrissjóðir úthlutuðu sjóðfélögum réttindi óháð aldri en ekki

aldurstengd réttindi eins og flestir sjóðir gera í dag. Í sjóðum sem deila út réttindum óháð aldri fá sjóðfélagar of lítil réttindi m.v. ávöxtunartíma iðgjalda á fyrri hluta ævinnar en of mikil á seinni hluta ævinnar. Fyrir dæmigerðan sjóðfélaga myndast því umframeign á fyrri hluta ævinnar sem er síðan greidd niður á seinni hluta ævinnar. Fyrir sjóðinn í heild þýðir þetta að áunnin staða þarf jafnan að vera jákvæð, framtíðarstaða er neikvæð og heildarstaða í jafnvægi. Þessu fyrirkomulagi var breytt árið 2006 en þá skiptu flestir lífeyrissjóðir úr kerfi jafnrar réttindaávinnslu í aldurtengd réttindi.

Það flækir þessi mál enn frekar að flestir sjóðir notuðu svokallaða blandaða leið til að breyta um réttindakerfi. Í því felst að virkir sjóðfélagar fengu heimild til að ávinna sér jöfn réttindi áfram af sambærilegum launum og þeir höfðu árið 2003. Þetta leiðir til þess að samanburður á milli lífeyrissjóða er mjög erfiður því þessir sjóðir þurfa að hafa áunna stöðu í plús en ekki nálægt núlli eins og okkar sjóðir og aðrir sjóðir sem eru að fullu aldurstengdir. Flestir sjóðir í þessari stöðu þurfa að hafa áunna stöðu jákvæða um 5% til 10% og jafnvel meira. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga við samanburð á áunninni stöðu.

Almenni lífeyrissjóðurinn metur eignir samtryggingarsjóðs og séreignarsjóðs með sama hætti. Sjóðurinn hefur eins og áður hefur komið fram fært niður eignir strax og vafi leikur á um endurgreiðslur. Sjóðurinn hefur einnig fært til gjalda óuppgerða afleiðusamninga miðað við verstu mögulegu niðurstöðu og gjaldfært tap af þeim og dráttarvöxtum þrátt fyrir að vafi leiki á um uppgjör þeirra. Flestir aðrir sjóðir meta samningana miðað við gengisvísitöluna 175 sem var opinbert gengi Seðlabankans við fall bankanna í október 2008. Ef Almenni lífeyrissjóðurinn myndi nota sömu aðferð við mat á afleiðusamningunum og nota sambærilega afskriftarstuðla á skuldabréfum fyrirtækja væru eignir metnar á um 4% hærra verði og tryggingafræðileg stað betri sem því nemur. Þetta er rétt að hafa í huga.

IV.

Um næstu helgi verður liðið eitt ár síðan sjóðurinn hóf sjálfstæðan rekstur og opnaði skrifstofu í Borgartúni 25. Tilgangurinn var að standa vörð um ímynd sjóðsins sem sjálfstæðs lífeyrissjóðs og auka trúverðugleika með því að taka yfir eignastýringu sjóðsins. Markmið okkar er að veita sjóðfélögum enn betri þjónustu þar sem starfsmenn sinna nú eingöngu verkefnum fyrir sjóðinn. Áætlanir okkar gera ráð fyrir sambærilegum kostnaði fyrstu árin en svo er stefnt að lækkun kostnaðar.

Á skrifstofu sjóðsins er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Að jafnaði eru þrír til fjórir lífeyrisráðgjafar á vakt og geta sjóðfélagar hvenær sem komið á skrifstofuna og leitað eftir ráðgjöf og þjónustu. Þá hefur sjóðurinn auglýst mánaðarlega opna rabbfundi fyrir sjóðfélaga til að auka enn frekar upplýsingaflæði og samskipti.

Sjóðurinn hefur einnig lagt mikla áherslu á vefsíðu sjóðsins og að birta reglulega upplýsingar og fréttir fyrir sjóðfélaga. Í mars opnaði sjóðurinn svo nýjan sjóðfélagavef með ítarlegri og

meiri upplýsingum um eignir og lífeyrisréttindi en nokkur annar sjóður veitir. Við erum til dæmis eini lífeyrissjóðurinn sem veitir sjóðfélögum í samtryggingarsjóði upplýsingar um áfallalífeyri og eini vörsluaðili lífeyrissparnaðar sem býður sjóðfélögum að breyta ráðstöfun iðgjalda og gera eignabreytingar á vefnum. Við hvetjum sjóðfélaga sem vilja fá upplýsingar að hafa samband eða koma á skrifstofu sjóðsins. Einnig þiggjum við allar ábendingar um það sem betur má fara í þjónustu sjóðsins eða um gagnlegar viðbætur á vefnum.

V.

Stjórn lífeyrissjóðsins fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til. Frá síðasta ársfundi hefur stjórnin fundað 21 sinni. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál eða afgreiða milli funda. Ég vil nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Á ársfundinum lýkur kjörtímabili Björns Arnars Magnússonar, Odds Ingimarssonar og Rannveigar Einaradóttur í aðalstjórn. Þau gefa öll kost á sér áfram. Einnig lýkur kjörtímabili Þorkels Erlingssonar og Jóns Óla Ólafssonar í varastjórn. Jón Óli gefur kost á sér áfram. Þorkell Erlingsson hefur starfað í stjórn frá árinu 1997 og vil ég færa honum þakkir fyrir góð störf og óska honum velfarnaðar í framtíðinni.

Ég vil svo í lokin færa starfsfólki sjóðsins þakkir fyrir góð störf á liðnu ári.

Góðir sjóðfélagar.

Í máli mínu hef ég fært rök fyrir þeirri stefnu að taka strax á vandamálum vegna efnahags-
hrunsins. Það er erfitt að ganga lengra en aðrir sjóðir en mat okkar er að það sé sann-
gjarnasta leiðin að taka á vandanum strax í stað þess að fresta því. Eftir stöndum við með
sterkari sjóð til framtíðar.